

**Nd.**

**334. Breytingartillögur**

við frv. til laga um útsvör.

Frá Hákonni Kristóferssyni.

1. Við 3. gr.
  - a. Fyrir »sýslunefnd ..... bæjarstjórnnum« komi: nema lögmætur borgararafundur í hreppnum eða kaupstaðnum samþykki.
  - b. Fyrir orðið »stjórnarvalda« i seinustu málsgrein komi: aðilja.
2. Við 5. gr. Greinin falli niður.
3. Við 6. gr. Fyrir orðin »svo framarlega ..... 5 króna útsvar« komi: svo fremi þeir að dómi niðurjöfnunarnefndar teljast færir um að greiða útsvar.
4. Við 8. gr. stafl. b. Fyrir orðið »laxveiði« komi: eignarrjettur yfir laxám.
5. Við 9. gr. 1. Á eftir orðinu »selveiði« komi: á þilskipi.
6. Við 12. gr. 1. málsgrein. Fyrir orðin »sömu meðferð skal hafa« til enda málsgreinarinnar komi: Sömu meðferð skal hafa, ef gjaldþegu á lögheimili víðar en í einni sveit.
7. Við 16. gr. Fyrir orðið »sýslunefnd« komi: hreppsfundir, sem til hefir verið boðað á löglegan hátt.
8. Við 18. gr. síðustu málsg. Málsgreinin orðist svo:

Niðurjöfnunarnefndarmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag gjaldþegna.
9. Við 21. gr. Fyrir orðin »febrúar—maí« komi: janúar—maí.
10. Við 22. gr.
  - a. Orðin »eða nefndin hafi í hyggju ..... borið sig saman við hann« í fyrstu málsgrein falli burt.
  - b. Þriðja málsgrein falli burt.
11. Við 23. gr. Greinin orðist svo:

Nú vill maður ekki una úrskurði niðurjöfnunarnefndar, og er honum þá rjett að bera málið upp til úrskurðar fyrir viðkomandi sýslunefnd,

enda sje kæra komin í hendur oddvita sýslunefndar áður liðnar sjeu 6 vikur frá dagsetningu úrskurðar í hreppum og 2 vikur í kaupstöðum. Sýslunefnd úrskurðar svo kærana á næsta fundi sínum. Í kaupstöðum kemur bæjarstjórn í stað sýslunefnda. Úrskurði sýslunefnda og bæjarstjórna verður ekki áfrýjað.

12. Við 24. gr. Greinin falli niður.
13. Við 26. gr. Orðin »Ekki má yfirséttanefnd« til enda greinarinnar falli burt. Greinatala frv. breytist samkv. niðurstöðu atkvgr.